

D ó m s o r ð:

Stefndi, Magnús Magnússon, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Miðvikudaginn 12. júní 1985.

Nr. 130/1985.

Thor R. Thors

Richard Thors

Þórður Thors

Unnur Thors Briem

og Jóna Íris Thors

gegn

dánarbúi Þórönnu Guðmundsdóttur

Hauki Sveinbjörnssyni

Gísla Sigurgeirssyni

Sigurgeiri Gíslasyni

Sigurði Helgasyni

Einari Hallssyni

Ragnari Hallssyni

Sveinbirni Hallssyni

Guðmundi Halldórssyni

Guðmundi Albertssyni og

Magnúsi Guðjónssyni

f.h. Veðifélags Núpár

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1985, sem barst Hæstarétti 22. s.m. Þeir krefjast þess, að frávísunardóminum

verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaaðilja in solidum.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Með vísun til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1985.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Stefna var gefin út 26. september 1984, og hún var birt 3. október, 6., 7. og 24. október 1984, en málið var þingfest 25. október 1984.

Stefnendur málsins eru Thor R. Thors, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, nnr. 8884-3371, Richard Thors, til heimilis í Chicago í Bandaríkjunum, nnr. 7346-4994, Þórður Thors, Langholtsvegi 118, Reykjavík, nnr. 9529-3956, Unnur Thors Briem, Bergstaðastræti 84, Reykjavík, nnr. 8999-4098, og Jóna Íris Thors, til heimilis í Gautaborg í Svíþjóð, nnr. 5239-4147.

Málið hafa stefnendur höfðað á hendur Þórönnu Guðmundsdóttur, nnr. 9400-0688, til heimilis að Dvalarheimilinu Hrafnistu, Laugarási, Reykjavík, Hauki Sveinbjörnssyni, nnr. 3836-3158, bónda Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Litla-Hrauns, Gísla Sigurgeirssyni, nnr. 2686-2213, og Sigurgeir Gíslasyni, nnr. 7928-7571, bændum að Hausthúsum í Eyjahreppi v/jarðarinnar Hausthúsa, Sigurði Helgasyni, nnr. 7867-8186, bónda Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi, v/jarðarinnar Hraunholta, Einari Hallssyni, nnr. 1809-7409, Ragnari Hallssyni, nnr. 7167-8830, og Sveinbirni Hallssyni, nnr. 8707-4080, öllum bændum í Hallkelsstaðahlíð, Kolbeinsstaðahreppi, v/jarðarinnar Hallkelsstaðahlíðar og Einari einnig v/jarðarinnar Hafursstaða í Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundi Halldórssyni, nnr. 3070-7192, bónda Syðri-Rauðamel, Kolbeinsstaðahreppi, v/jarðarinnar Oddastaða í Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundi Albertssyni, nnr. 3039-4208, Heggstöðum, Kolbeinsstaðahreppi, v/jarðarinnar Heggstaða og Magnúsi Guðjónssyni, nnr. 6257-4882, Hrútsholti, Eyjahreppi, formanni Veidifélags Núpár í Eyjahreppi v/félagsins.

Undir rekstri málsins hefur Þóranna Guðmundsdóttir látist, og hefur dánarbú hennar tekið við varnaraðild málsins að því er hana varðar.

Í stefnunni eru dómkröfur stefnenda þessar:

„Að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarar“ gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnaverkræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970.

Að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað í máli þessu.“

Stefndu hafa krafist þess, að kröfum stefnenda verði synjað og að stefndur verði dæmdir in solidum til að greiða þeim málskostnað.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

— — —

IV.

Í þinghaldi 15. þ.m. spurði dómariinn lögmenn aðilja hvort þeir vildu tjá sig frekar um formhlið málsins.

— — —

Lögmaður stefnanda tjáði sig munnlega um þessa formhlið málsins og taldi, að ekki ætti að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Lögmenn stefndu gerðu ekki kröfu um frávisun málsins, en töldu, að dómariinn ætti ex officio að vísa málinu frá bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem það væri matsdómariinn í málinu, sem ætti úrskurðarvald um sakarfnid samkvæmt 143. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir að lögmenn aðilja höfðu tjáð sig um þessa formhlið málsins, tók dómariinn þetta atriði til athugunar 15. þ.m.

V.

Aðiljar máls þessa báðu sameiginlega um dómkvaðningu matsmanna, og fór dómkvaðning réttilega fram á aukadómþingi Snæfells- og Hnappadals-sýslu.

Það er meginregla samkvæmt 143. gr. laga nr. 85/1936, að matsdómari úrskurði öll atriði um framkvæmd matsgerðar. Ákvæði XV. kafla laga nr. 70/1976 um lax- og silungsveiði breyta ekki þessari meginreglu í máli því, sem hér er til úrlausnar. Svo sem kröfugerð stefnenda er háttað, ber því að vísa máli þessu frá bæjarþingi Reykjavíkur, enda þótt bein krafa hafi ekki verið gerð um frávisun af hálfu stefndu í málinu. Þá verður að líta svo á, að yfirlýsing aðilja frá 14. mars 1985 standi ekki í vegi fyrir þessari niðurstöðu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur.
Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. júní 1985.

Nr. 150/1983. **Jórunn Hrólfsdóttir**

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)

gegn

Daniel Pálmasyni og

Ingibjörgu Bjarnadóttur

(Hákon Árnason hrl.)

Landamerkjamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1983. Krefst hann þess, að landamerki milli jarðanna Seljahlíðar og Gnúpufells verði ákveðin lína úr punkti merktum A í punkt merktan B á dómskjali 3 í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal uppdráttur, sem Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur hefur gert að tilhlutan málsaðilja eftir loftmyndinni dskj. 14 í héraði. Er mörkuð á hann lína milli tveggja punkta merktra A og B í samræmi við línu, sem merkt hafði verið á loftmyndina og táknar kröfulínu áfrýjanda. Þá er á uppdráttinn merkt önnur lína, sem málflytjendur hafa lýst yfir, að þeir séu sammála um, að sé í samræmi við merkin, eins og héraðsdómur hafi ákveðið þau.